



Fundur í framkvæmdastjórn Þekkingarsetursins á Blönduósi 30.01. 2013. kl. 8:30.

Fundinn sátu: Arnar Þór Sævarsson, Þóra Sverrisdóttir, Valgarður Hilmarsson auk framkvæmdastjóra Katharinu Schneider.

Dagskrá:

- 1) Starfsáætlun 2013
- 2) Eignayfirfærslublað frá Háskóla­setursins á Blönduósi til Þekkingarsetursins, til kynningar
- 3) Drög að húsaleigusamningi, til kynningar

Arnar setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Framkvæmdastjóri kynnti starfsáætlunina fyrir árið 2013. Samkvæmt samningi við Mennta- og menningamálaráðuneytið þarf að skila starfsáætlun til ráðuneytisins og birta á vefsíðu stofnunarinnar fyrir 31.1. 2013. Farið var yfir eftirfarandi kafla: Starf og stefnu Þekkingarsetursins, almennan rekstur og starfsmannahald, fjármál, rekstraráætlun 2013, starfsmannamál, kynningarmál, húsnæði, verkefnaáætlun 2013, umsóknir úr samkeppnissjóðum, verkefnaskipting starfsmanna árið 2013 og fylgiskjöl. Starfsáætlun var samþykkt eftir að rætt var nánar um eftirfarandi atriði:
 - a) Verkefnaáætlun 2013. Þarfagreining á námsframboði á NV. Haldið var fundur með fulltrúum menntamálastofnana á svæðinu um þarfagreiningu föstudaginn 25.1. í Þekkingarsetrinu. Þar var tillaga frá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands kynnt. Niðurstaða fundarins var að mikill áhugi væri fyrir verkefninu, tilboðið þótti gott en fjármögnun gæti verið erfið og tímafrek. Þar sem að verkefnið þykir mikilvægt, lagði framkvæmdastjóri til að Þekkingarsetrið ætti að fara af stað með verkefnið á eigin vegum í samvinnu við samstarfsaðila. Þekkingarsetrið áætla­r 2,8 millj. verkefnið í sinni rekstraráætlun fyrir 2013, með fyrirvara um að aðalstjórn samþykkir það. Aðalstjórn var búin að ráðstafa allt að 1 milljón á fundi, þann 15.1. 2013, í verkefnið. Þekkingarsetrið mun sækja um styrki í verkefnið.
 - b) Verkefnaáætlun 2013. Aðstoð við uppbyggingu listamiðstöðvar á textílsviði í Kvennaskólanum. Markmið verkefnisins er að auka þekkingu og fræðslustarf á sviði textíl og efla atvinnulíf og samstarf textílstofnanna á svæðinu. Rætt var um aðkomu Þekkingarsetursins að verkefninu og samstarf við Textílsetur Íslands. Fyrir liggur grind að verkefninu næstu þrjá mánuði. Tveir möguleikar voru settir fram: Að Þekkingarsetrið muni gera þjónustasamning við Textílsetur Íslands eða ráða starfsmann í tímabundna vinnu við verkefnið. Ákveðið var að ráða Jóhönnu Pálmadóttur í hlutastarf (50%) í 3 mánuði eða út apríl 2013.
 - c) Umsóknir úr samkeppnissjóðum. Rætt var um í hvaða samkeppnissjóðum Þekkingarsetur ætti að sækja. Þótti það mjög mikilvægt umhugsunarefni endar

Þekkingarsetrið fjármagnað með ríkisfé. Allir voru sammála um að Þekkingarsetrið ætti ekki að sækja um rekstrarstyrki úr Menningarráði Norðurlands vestra árið 2013 en skoða ætti að sækja um verkefnastyrki úr opinberum sjóðum vegna ákveðinna verkefna.

Ákveðið var að starfsáætlun ætti að senda til aðalstjórnarinnar til samþykktar í tölvupósti að fundi loknum.

1. Formaður stjórnarinnar kynnti eignayfirlæslublað vegna yfirlæslu eigna Háskólasetursins á Blönduósi til Þekkingarsetursins. Ákveðið var að láta blaðið fylgja starfsáætlunni.
2. Lögð voru fram drög að húsaleigusamningi. Í því er gert ráð fyrir að Þekkingarsetrið borgi u.þ.b. 90 000 kr. í húsaleigu á mánuði fyrir afnot að tveimur skrifstofum og aðgengi að sameiginlegu rými. Þótti það sanngjarnt verð en eftir er að samþykkja þetta fyrirkomulag hjá húseigendum.

Fleira ekki gert, fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið.

Fundargerð ritaði Katharina A. Schneider.